



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

22. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn miðvikudaginn 26. apríl í skólanum.

Hófst hann kl. 20³⁰.

Mettir voru auk skólameistara og aðstoðarskólameistara þau Guðrún Sigurðardóttir, Gunnar Sveinsson, Jón Hólmgeirsson og Hreinn Ásgrímsson.

I. Byggingamál skólans:

Fram kom að meistarafélag byggingamanna á Suðurnesjum hefur lýst yfir óánægju með að ekki skyldi fara fram útboð á fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum skólans.

Haldinn var sameiginlegur fundur stjórnar meistarafélagsins, framkvæmdastjóra þess, skólameistara F.S. og aðstoðarskólameistara.

Á þeim fundi féllst stjórn félagsins á að útboð hefði seinkað öllum framkvæmdum og réttlætti það að nokkru hvernig að málinu hefði verið staðið.

Í bréfi stjórnar til skólanefndar F.S. dags. 19. apríl 1978 segir svo:

"Stjórnin tekur fram að skv. lögum félagsins verða löggiltir meistarar á verkinu að vera innan vébanda meistarasambands byggingamanna og meistarafélags byggingamanna á Suðurnesjum og vill stjórnin vara bygginganefndina við að verða ekki til þess að meistarar brjóti lög félagsins, með því að skrifa upp á teikningar samhliða meisturum sem ekki eru meðlimir M.B."

Skólameistari las upp bréf frá Njarðvíkurba, dags. 5. apríl 1978. Í bréfinu er birt eftirfarandi samþykkt sem bjarstjórn Njarðvíkur gerði á fundi sínum þann 4. apríl s.l. varðandi 3. lið fundargerðar skólanefndar F.S. frá 30. janúar s.l.

"Sé gert ráð fyrir því að kennarar Fjölbrautaskólans standi fyrir framkvæmdum við nýbyggingu skólans sem verktakar, telur bæjarstjórn það með öllu óviðeigandi og eðlilegra að verkið verði boðið út á almennum vinnumarkaði."

Þann 25. apríl s.l. sátu formaður skólanefndar, skólameistari og aðstoðarskólameistari fund með Indriða Þorlákssyni deildarstjóra byggingadeildar menntamálaráðuneytisins. Var ætlunin að ganga frá drögum að byggingarsamningi milli ríkis og sveitarfélaganna, varðandi fyrirhugaða skólabyggingu.

Indriði skýrði frá bréfi er menntamálaráðuneyti barst frá fjármálaráðuneyti, þar sem það lýsir yfir óánægju ráðuneytisins með að fastir starfsmenn skólans skuli standa fyrir byggingaframtakvæmdum þeim er fyrir dyrum standa.

Þá taldi Indriði einnig nauðsynlegt að sveitarstjórnirnar gæfu skólanefnd eða annari nefnd umboð til að bera ábyrgð á byggingarframtakvæmdum skólans, fyrir hönd sveitarfélaganna.

Skólanefndin óskar hér með eftir því við sveitarstjórnirnar að þær veiti skólanefnd F.S. umrætt umboð sem fyrst.

Nefndin ræddi því næst um framkvæmd verksins vítt og breitt. Þar sem fram hefur komið andstaða fjármálaráðuneytis, meistarafélagsins og Njarðvíkurbæjar við áður samþykktu framkvæmdaáætlun, er nefndin sammála um að ræða við þá kennara skólans, sem hafa lýst sig reiðubúna til að taka að sér verkið.

Náist samkomulag við þá er nefndin sammála um að láta fram fara lokað útboð á þeim verkþætti að gera húsið fókelt. Þau skilyrði skulu felld inn í útboðið að nemandi á tréiðnabraut eigi þess kost að fá vinnu við framkvæmdir. Einnig skal verkið unnið skv. verkáætlun þeirri er Axel Nikolaison hefur gert. Dagsektum skal beitt, verði ekki staðið við þau tímamörk er fram koma í áætlun.

Þá er nefndin einnig sammála um að bjóða sem allra fyrst út pípulagnir, raflagnir, málun og smíði innréttinga. Formaður upplýsti að ákveðinn hefði verið fundur með Indriða Þorlákssyni miðvikudaginn 3. maí n.k. til þess að ganga frá drögum að byggingarsamningi milli ríkis og sveitarfélaganna um byggingu skólans.

II. Vélstjórabraut:

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og Óskar Jónsson kennari fóru og ræddu við Andrés Guðjónsson skólastjóra Vélskóla Íslands um möguleika á að koma hér á námi 2. stigs á vélstjórabraut næsta skólaár.

Skólanefnd telur eðlilegt að fresta ákvörðun þar um til í júní þegar prófniðurstöður liggja fyrir.

III. Húsnæðismál:

Þann 12. apríl var haldinn sameiginlegur fundur skólastjóra, yfirkennara og fulltrúa skólanefnda í Keflavík. Var fundarefni húsnæðismál skólanna, sbr. lið V. í síðustu fundargerð.

Frestað var að taka ákvörðun um lausn málsins þar til í júní, þegar fyrir liggur hver húsnæðisþörf F.S. verður, því þá mun liggja ljóst fyrir hver nemendafjöldi næsta skólaárs verður.

IV. Tilkynningar:

Skáksveit skólans tók þátt í skákkeppni stofnana í Reykjavík og hreppti þar fyrsta sæti.

Sveitin hlaut einnig fyrsta sæti í skákeppni stofnana á Suðurnesjum.

Tveir nemendur skólans lentu í bifreiðarslysi sunnudaginn 23. apríl s.l. Annar þeirra, Gunnar Einarsson úr Keflavík lést samstundis, en hinn, Valdís Inga Steinarsdóttir úr Grindavík slasaðist, en þó ekki alvarlega.

Skólanefnd felur aðstoðarskólameistara að senda aðstandendum samúðarkveðjur skólans.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 23⁰⁰.

Fundarritari

Hreinn Ásgrímsson